

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/99/ESB

2015/EES/34/28

frá 21. október 2014

um breytingu á tilskipun 2009/126/EB um II. áfanga endurheimtar bensínufu við eldsneytistöku fyrir vélknúin ökutæki á bensínstöðvum í því skyni að laga hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/126/EB frá 21. október 2009 um II. áfanga endurheimtar bensínufu við eldsneytistöku fyrir vélknúin ökutæki á bensínstöðvum ⁽¹⁾, einkum 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 2009/126/EB er kveðið á um tæknilega aðlögun 4. og 5. gr. hennar að tækniframförum ef nauðsyn krefur til að tryggja samræmi við alla viðeigandi staðla frá Staðlasamtökum Evrópu.
- 2) Hinn 25. september 2013 gerðu Staðlasamtök Evrópu staðlana EN 16321-1:2013 og EN 16321-2:2013 aðgengilega. Í staðli EN 16321-1:2013 eru tilgreindar prófunaraðferðirnar vegna gerðarviðurkenningar á kerfum til endurheimtar bensínufu til notkunar á bensínstöðvum. Í staðli EN 16321-2:2013 eru tilgreindar prófunaraðferðirnar sem skal nota á bensínstöðvum til að sannreyna rekstur slíkra kerfa til endurheimtar gufu.
- 3) Tæknileg aðlögun 4. og 5. gr. tilskipunar 2009/126/EB er því nauðsynleg til að tryggja samræmi við þessa staðla.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/126/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2009/126/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tryggja að frá og með þeim degi sem kerfi til endurheimtar bensínufu í II. áfanga verður lögboðið skv. 3. gr., sé hremmingargeta slíkra kerfa fyrir bensínufu a.m.k. 85%, eins og það er vottað af framleiðanda í samræmi við staðal EN 16321-1:2013.“

- 2) Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tryggja að hremmingargeta bensínufu kerfa til endurheimtar bensínufu í II. áfanga, sem eru í notkun, sé prófuð a.m.k. einu sinni á ári í samræmi við staðal EN 16321-2:2013.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12. maí 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 304, 23.10.2014, bls. 89. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 36.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 13. maí 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
